**Viðtakandi**: Umhverfis- og skipulagsráð
**Sendandi**: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Reykjavík, 5. september 2024
USK24010001

# TILLAGA

---

***Tillaga***

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að óheimilt verði að leggja í bílastæði við Hverfisgötu 4-6 þriðjudaga og föstudaga milli kl. 7 og 13 nema vegna ríkisstjórnarfunda. Á öðrum tímum séu stæðin gjaldskyld í samræmi við gildandi samþykkt um gjaldskyldu á svæðinu.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:

Ríkisstjórnarfundir eru haldnir í húsnæði við Hverfisgötu 4-6. Til að tryggja öryggi ráðherra hefur stjórnarráðið óskað eftir því að bílastæði fyrir framan húsið verði frátekin í tengslum við akstur og öryggi ráðherra ríkisstjórnarinnar á þeim tímum sem ríkisstjórnarfundir eru haldnir.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
*Samgöngustjóri*

Hjálagt: Áætlaðar skiltamerkingar við Hverfisgötu 4-6

Reykjavík




STAÐSETNING SKILTASTAURS MEÐ 6 SKILTUM

0 2 4 6 8 10 m
MKV X 1:100 (A2)

| | | BREYT. | DAGS | FYRIRTÆKI | HA/YF/SA |
|---|---|---|---|---|---|
| MÆLT: | | Ⓐ | | | |
| HANNAÐ: | BRI | Ⓑ | | | |
| TEIKNAÐ: | BRI | Ⓒ | | | |
| YFIRFARIÐ: | | Ⓓ | | | |
| SAMÞ. | | MÁLSNÚMER Málsnúmer | | | |

**UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ**
SKRIFSTOFA SAMGÖNGUSTJÓRA OG BORGARHÖNNUNAR
BORGARTÚNI 12-14, 105 REYKJAVÍK SÍMI: 411 1111

## Hverfisgata stæði fyrir ráðherra

Planteikning

Hverfisgata v. Hverfisgötu 6

| DAGS. | MÆLIKVARÐI |
|---|---|
| 05.09.2024 | 1:100/A2 |
| TÖLVUSKRÁ | TEIKNINÚMER |
| Skiltun.dwg | 101 |